

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Súðavíkurhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Reykjanes við Djúp.*

Tillagan tekur til um 3,9 ha svæðis sem ætlað er fyrir hreinlegan og umhverfisvænan léttan iðnað þar sem jarðhiti er nýttur á sjálfbæran hátt.

Á lóð A1 er starfrækt vistvæn saltvinnsla og er heimilt að viðhalda og stækka byggingar innan byggingarreits, hámarksstækkun er allt að 2.736 m<sup>2</sup>.

Á lóð A2 er heimild fyrir vistvæna framleiðslu, einkum matvælaframleiðslu, ylrækt eða starfsemi sem styrkir ferðaþjónustu og ímynd svæðisins. Hámarksstærð bygginga er 1.952 m<sup>2</sup>.

Á lóð A3 er veitumannvirki og er hámarksbyggingarmagn 8,46 m<sup>2</sup>.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Súðavík, 22. ágúst 2023.*

**Jóhann Birkir Helgason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2023